

Íbúafundur í Rangárþingi eystra

Inngangur

Eftirfarandi er samantekt sjónarmiða og ábendinga sem fram komu á íbúafundi í Rangárþingi eystra 21. október 2020. Í samantektinni eru helstu sjónarmið sem fram komu á fundinum kynnt en sjónarmið fá ekki vægi á grundvelli fjölda þeirra sem töluðu fyrir þeim. Slík úrvinnsla felur alltaf í sér einföldun og túlkun þess sem það gerir. Teikningar frá íbúafundinum eru aðgengilegar á svsudurland.is og gefa góða innsýn í umræðurnar.

Á fundinum fór fram umræða í 6 hópum, en í samantektinni er helstu sjónarmiðum úr öllum hópum slegið saman eftir þeim spurningum sem lagðar voru fram.

Eiga sveitarfélögin fimm að halda áfram viðræðum og leyfa íbúum að kjósa um sameiningu þeirra?

Flestir á því að skoða málið betur og leyfa íbúum að ákveða. Vísað til þess að sveitarfélögin séu þegar í miklu samstarfi.

Landfræðilega rosalega stórt sveitarfélag, sem gæti verið hindrun.

Hvað ber að varast í sameiningarferlinu?

- Að gera ekki of miklar væntingar til hagræðingar þar sem við viljum halda allri þjónustu en samt hagræða.
- Að líta ekki á okkur sem einn þéttbýliskjarna við erum með 5 kjarna og það verður alltaf mikill akstur og fjarlægðir.
- Að hagræðingin fari ekki öll í stjórnsýslu og aðra umsýslu, heldur í raunverulega þjónustu.
- Lækkun á framlögum jöfnunarsjóðs þrátt fyrir kannski aðrar væntar tekjur.
- Ekki mynda þriðja stjórnsýslustigið td með heimastjórnir – hver er þá ávinningurinn ef allar gömlu sveitarstjórnirnar lifa áfram í heimastjórnnum
- Hljótum að geta breytt byggðasamlaga strúktúrnum eftir sameiningu og varast að stofna fleiri byggðasamlög
- Verðum að átta okkur samt á að fjarlægðirnar frá Hvolsvelli og á Klaustur verða jafn miklar þegar þarf að ferðast á milli sem hefur skapað vandamál við að fá sérfræðinga til starfa td í skólþjónustu vegna þess tíma sem þarf að sitja í bíl
- Að sú þjónusta sem er sinnt vel í dag, verði áfram sinnt vel. Vont ef það þarf að draga úr þjónustu á einhverjum stöðum
- Ekki einn skólastjóri fyrir alla skólana
- Að úthluta ekki plássi í leik eða grunnskóla sem ekki er í þeirra hverfi nema ástæður séu til þess af hendi foreldra
- Að missa ekki yfirsýn yfir verkefni og samfélögin.
- Varast lausa enda, varast að gera ráð fyrir einhverju, kynna sér hlutina til hlítar, og ekki sleppa neinum svæðum, vanda sig.
- Varast að ræða hvar hvaða skrifstofa á að vera, stafræn þróun er á fullu og leysir mörg mál.
- Hugsa um alla hópa og alla staði – ekki gleyma neinu. Fyrri sameiningar hafa kennt okkur að það er viss hættu á að gleyma einhverjum í þessu.
- Skoða alla möguleika, láta stærri málin skipta máli, ekki festast í smáatriðum. Hugsa fyrir heildina.
- Það þarf að varast að segja að allt verði óbreytt – samfélagið mun þróast
- Varast að samræma stefnur, samræma gjaldskrár – vandasamt að hafa þær eins.
- Getum misst Unesco stimpilinn, þarf að passa upp á það.

- Varast samkeppni í skipulagsmálum, vinna frekar saman, skoða heildstætt áherslur hvers svæðis.
- Varast of mikla bjartsýni um að hægt verði að halda öllum félagsheimilum í rekstri.
- Varast að rekstur félagsheimila fari í samkeppni við einkaaðila.
- Gæta að öllum breytingum á frístunda- og íþróttastarf barna með hagsmuni þeirra að leiðarljósi.
- Íþróttta, menningar og frístundastarf eru ekki lögbundin verkefni, því hvílir mikil ábyrgð að halda utan um þessi mál og efla þau.
- Gæta þess að ekki myndast hrepparígur milli hverfa.

Hvað viljum við varðveita?

- Að íbúar hvers svæðis hafi eitthvað um sitt svæði að segja (t.d. hverfisráð).
- Mikilvægt að það sé þjónusta á öllum svæðum
- Mikilvægt að þjónustan sé rafræn svo allir hafi aðgang að henni
- Jöfn tækifæri íbúa óháð búsetu
- Mikilvægt að leyfa sér að hugsa stjórnsýsluna uppá nýtt ef til sameiningar kemur
- Mannauðinn sem við höfum og hæfni sem er til staðar nú þegar
- Varðveita málfrelsi – getum öll í litlu sveitarfélagi haft sterka rödd ef við viljum og mikilvægt að það sé varðveitt
- Varðveitum hið góða mannlíf sem hér er – og almennt á svæðinu. Það er verið að sameina stjórnsýsluna.
- Varðveita atvinnuna – ekki tapa henni út af svæðinu.
- Varðveita gott ræktunarland þegar unnið er í skipulagi.
- Varðveita náttúruperlur og söguminjar. Varðveita ímynd um hreinleika, hérað sem framleiðir matvæli í stórum stíl. Leggja áherslu á umhverfismál.
- Áhaldahúsin á hverjum stað
- Viðhalda hefðum og sérkenni hvers hverfis, s.s. bæjarhátíðir. Hvert og eitt hverfi fái að halda sérstöðu sinni á sviði menningar.
- Halda félagsheimilum eins og kostur er. Hvetja til nýtingu þeirra til að bæta rekstrargrundvöll þeirra.
- Gæta að söfnum og sýningum, efla þá starfsemi.
- Varðveita staðbundið menningarstarf og passa upp á að fjármagn fái til að viðhalda því starfi.
- Akstur barna sem stunda tómstunda- og íþróttalíf eftir skólatíma. Mæta þarf kröfum um slíka þjónustu í öðrum hverfum og milli hverfa. Þetta styrkir aðstöðu barna í dreifbýli og styrkir starfsemina í þéttbýlinu með tilliti til fjölda þátttakenda.
- Ekki hrófla við þorablótum og nýtingu afrétta og réttir.

Hvaða tækifæri liggja í sameiningu sveitarfélaganna?

- Leiðandi í rafrænni stjórnsýslu væri það besta sem við gætum gert betur – mikilvægt í ljósi mikilla vegalengda
- aukinn slagkraftur til að herja á stofnanir ríkisins til að herja á betri þjónustu
- Gríðarleg sóknarfæri fyrir svona stórt svæði að vera með störf án staðsetningar með aukinni tækni
- Stærri sveitarfélag verði með faglegri stjórnsýslu – síður líkur á hagsmunaárekstrum eða hagsmunapólitík

- Sterkari til að berjast fyrir framlögum jöfnunarsjóðs
- Jafnréttisstuðullinn hlýtur að verða réttari
- Sveitarstjórnarfulltrúar endast kannski lengur í sveitarstjórnarmálunum í stærra sveitarfélagi bæði vegna meiri fjarlægðar en einnig þar sem það væri mögulegt að greiða laun fyrir starfið
- Minnka yfirbygginguna
- Með slagkraftinum getum við skapað sérfræðipekkinguna í heimabyggð og laðað að okkur stærri verkefni og þannig líklegra að störf verði flutt útá landsbyggðina í takt við störf án staðsetningar
- Stjórnsýsluhúsin gætu orðið miðstöðvar starfa án staðsetninga
- Stærra sveitarfélag með öflugari grunnþjónustu sem laðar að nýja íbúa og frjórri jarðveg fyrir ungt fólk
- Tækifæri í hagræðingu með fækkun sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórum og nefndarmönnum
- Endurskoðun samstarfsverkefna og byggðasamlaga
- Kraftar starfsfólksins nýtast betur – allir að svara sömu erindunum, útbúa fjárhagsáætlanir og jafnlaunavottun. Hægt að gera einu sinni en ekki fimm sinnum
- Tækifæri að vinna eitt aðalskipulag í stað fimm
- Virkja íbúalýðræði
- Gæti einfaldað stjórnkerfið við skólaþjónustuna. Fræðslustjóri yfir stofnanir og hugsanlega samræma skóladagatöl.
- Að börn og foreldrar hafi val um leik og grunnskóla fyrir börnin sín.
- Mannauðsstjóri fyrir skólana (sveitarfélagið)
- Væri hægt að halda fjarlægð í félagsþjónustu og deila niður.
- Samræmdir verkferlar í skólum.
- Öflugra teymi til að kynna okkur útávið sem æskilegan kost fyrir fyrirtæki og stofnanir.
- Stærri hópur til að fókusera á þau tækifæri sem blasa hér við til nýsköpunar, meiri slagkraftur að sækja fjármuni í verkefni inn á svæðið.
- Það gætu falist ágæt tækifæri í þjóðgörðum ef heimamenn fá að stýra og nýta sjálfir – stærra sveitarfélag ætti að get talað skýrar og þá meiri líkur til að á verði hlustað.
- Þjóðvegur 1 – gera sömu kröfur á gæði hans hvar sem hann liggur í sveitarfélaginu.
- Gott að skipulag á hálendi sé á einni hendi, hugsa samgöngur og uppbyggingu þar sem heild.
- Gott að hafa breidd í skipulagsnefnd, vítt sjónarhorn. Stærra sveitarfélag getur haft t.d. lögfræðing í vinnu sem getur gefið álit áður en ákvarðanir í umdeildum málum eru teknar.
- Samræmd stefna, nýta það sem við höfum – t.d. í Kötlu jarðvangi, skoða stækkun hans, myndi geta haldið fólki lengur á svæðinu, gera svæðið að útivistarparadís.
- Sorpmál – verður auðveldara að halda áfram með flokkun og finna lausnir, koma sorpinu í farveg. Koma á betri flokkun í fyrirtækjum.
- Setja hjólastíg með Þjóðveginu sem kröfu á ríkið ef til sameiningar kemur.
- Tækifæri í almenningssamgöngum, meiri slagkraftur í samskiptum við ríkið.
- Stærra sveitarfélag hefur meira bolmagn til að ráðast í stærri umhverfismál, samræmd stefna.
- Stefna í vindmyllum, orkumál, móta orku- og auðlindastefnu.
- Tækifæri í að störf verða sérhæfð og gerðar verði áætlanir um uppbyggingu og viðhald mannvirkja.
- Tækifæri til að kortleggja veitukerfið sem er í kollinum á fáum starfsmönnum.
- Sameiginleg útboð og hagkvæmari innkaup.
- Nýta félagheimilin, finna þeim hlutverk.

- Samnýta vélar.
- Tækifæri til aukinnar samvinnu í íþróttastarfi með stærra svæði. Gefur möguleika á stærri hópum, auðveldar mönnun þjálfara og minnka fjárfestingu í tækjabúnaði. Eykur samvinnumöguleika. Tækifæri fyrir aðra að læra af okkur og yfirfæra á fleiri hverfi.
- Sameining getur gefið möguleika á að efla bæjarhátíðir.
- Samlegðarmöguleikar við hátíðarhald s.s. við ráðningu skemmtikrafta.
- Sameining getur aukið skilning á menningartengdu starfi sem getur stuðlað að eflingu og styrkingu við framkvæmd verkefna og efla byggðapróun.
- Rangárþingin eru heilsueflandi samfélög og möguleiki að efla starfið út frá því og styrkt hvert annað.
- Tækifæri til aukinnar sérhæfingar í þessum frístundum og menningu innan stjórnsýslunnar. Geta tekið þátt í stærri verkefnum jafnvel alþjóðlegum.
- Nýta tækifæri til að efla forvarnir í stærra samfélagi og koma til móts við alla einstaklinga.